



Nefndarsvið Alþingis,
Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis,

**UMSÖGN AFSTÖÐU, FÉLAGS FANGA Á ÍSLANDI, UM FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTINGU
Á LÖGUM UM FULLNUSTU REFSINGA, NR. 15/2016 (SAMFÉLAGSÞJÓNUSTA OG
REYNSLULAUSN).**

154. löggjafarþing 2023–2024.
Þingskjal 1374 — 928. mál.
Stjórnarfrumvarp.

Afstöðu hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar telur að frumvarpið sé gott og gilt og fagnar lengingu samfélagþjónustu. Afstaða telur þetta afar jákvætt og árangursríkt skref eins og þegar hefur sannast með reynslunni á þessu úrræði sem nú er verið að framlengja.

Það má samt koma fram að hér er verið að framlengja búið sem lagar og bætir ástand í málflokknum um stuttan tíma en lagar ekki heildarmyndina. Til þess að fangelsismálin komist í lag þarf að gera heildarendurskoðun á lögnum um fullnustu refsinga og taka á málum eins og endurkomum í fangelsi, biðlista, atvinnu- og heilbrigðismál, vistunar og meðferðaráætlun og taka upp einstaklingsbundna heilðræna endurhæfingarstefnu.

Félagið er að sjálfsögðu tilbúið til þess að senda fulltrúa í viðræður um þetta frumvarp eins og allt annað sem viðkemur fangelsismálum enda er félagið hið eiginlega grasrót dómpóla á Íslandi sem hefur verið leiðandi í umræðunni í málaflokknum og hefur mikla sérþekkingu á málefnum fanga og fangelsa á Íslandi.

F.h. Afstöðu, félags fanga á Íslandi

Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður

13. maí 2024